

Landskrifstofa Erasmus+
hjá Rannís

**Staða alþjóðafulltrúa í
starfsmenntun**

Desember 2024



Maskína


Hefur skólinn/stofnunin unnið stefnu um alþjóðastarf?




Er starf alþjóðafulltrúa skilgreint sem ákveðið starfshlutfall hjá skólanum/stofnuninni?



Eru námsferðir nemenda viðurkenndar með formlegum hætti af skólanum/stofnuninni?



Eru námsferðir starfsfólks viðurkenndar með formlegum hætti af skólanum/stofnuninni?



Hversu vel eða illa koma markmið um Erasmus+ námsferðir fram í þeirri stefnu?



Hvernig mætir sú þjálfun sem stendur til boða fyrir alþjóðafulltrúa þörfum þínum í starfi við skipulagningu Erasmus+ námsferða?



Fær starfsfólk mikla eða litla hvatningu til að taka þátt í erlendu samstarfi?




Hversu mikinn eða lítinn stuðning veita stjórnendur þér í starfi alþjóðafulltrúa?



Hversu mikið eða lítið er alþjóðastarfi haldið á lofti í kynningarstarfi skólans/stofnunarinnar?



Hversu mikill eða lítill hluti af starfi alþjóðafulltrúa snýr að móttöku erlendra gesta?



Er sá tími sem tileinkaður er alþjóðastarfi of mikill, of lítill eða hæfilegur miðað við umfang verkefna á sviði alþjóðastarfs skólans/stofnunarinnar?



Markmið og framkvæmd

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir Landskrifstofu Erasmus+ hjá Rannís. Hún er um stöðu alþjóðafulltrúa hjá starfsmenntaskólum og stofnunum. Markmið hennar eru að skilja betur hvað er vel gert og hvað mætti betur fara.

Könnunin var lögð fyrir starfandi alþjóðafulltrúa og þá sem höfðu nýlega tekið þátt í störfum alþjóðafulltrúa. Tölvupóstur var sendur til allra í úrtakinu og sendar voru nokkrar áminningar með tölvupósti á þá sem ekki höfðu svarað.

Könnunin fór fram dagana **19. nóvember til 4. desember 2024** en í úrtaki voru 30 manns. Svarendur voru **28** og svarhlutfall því **93%**.

Stuttar skýringar á tölfræðihugtökum í mælaborði

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.

Reykjavík, 10. desember 2024.
Með þökk fyrir gott samstarf,

starfsfólk Maskínu




**Fjármagnað af
Evrópusambandinu**

Efni skýrslunnar er háð höfundarrétti Maskínu. Öll opinber dreifing eða fjölritun er óheimil nema með skriflegu samþykki Maskínu. Maskína er aðili að ESOMAR.
Allur réttur áskilinn: © Maskína-rannsóknir ehf.
Maskína er skrásett vörumerki Maskínu-rannsókna ehf.

1. Hefur skólinn/stofnunin unnið stefnu um alþjóðastarf?

	Fjöldi	%	
Já	25	92,6%	92,6%
Nei	2	7,4%	7,4%
Samtals	27	100,0%	0%100%
Veit ekki	1	3,6%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Heildarfjöldi	28	100,0%	




2. Er vinna um stefnu um alþjóðastarf á áætlun skólans/stofnunarinnar?

	Fjöldi	%	
Já	1	100,0%	100,0%
Nei	0	0,0%	0,0%
Samtals	1	100,0%	0%100%
Fengu ekki spurningu	26	92,9%	
Veit ekki	1	3,6%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Heildarfjöldi	28	100,0%	



Aðeins þeir sem sögðu að skólinn/stofnunin hefði ekki unnið stefnu um alþjóðastarf (sp.1) fengu þessa spurningu.


3. Hversu vel eða illa koma markmið um Erasmus+ námsferðir fram í þeirri stefnu?




Meðaltal	3,96
Vikmörk (±)	0,39
Staðalfrávik	1,01



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




4. Fær starfsfólk mikla eða litla hvatningu til að taka þátt í erlendu samstarfi?




Meðaltal	3,75
Vikmörk (±)	0,38
Staðalfrávik	1,04



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




5. Hversu mikið eða lítið er alþjóðastarfi haldið á lofti í kynningarstarfi skólans/stofnunarinnar?- Hér er átt við umfjöllun á vef, á samfélagsmiðlum eða öðru kynningarefni




Meðaltal	3,46
Vikmörk (±)	0,37
Staðalfrávik	1,01




Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.



6. Er starf alþjóðafulltrúa skilgreint sem ákveðið starfshlutfall hjá skólanum/stofnuninni?



Fjöldi	Annað, hvað?
2	10%
3	20%
3	25%
2	50%
1	60%
1	80%
2	100%
1	240 tímar á önn.
1	Ca. 30%.
1	Fer eftir því hvað alþjóðafulltrúi kennir mikið.
1	Um 10%.




7. Er sá tími sem tileinkaður er alþjóðastarfi of mikill, of lítill eða hæfilegur miðað við umfang verkefna á sviði alþjóðastarfs skólans/stofnunarinnar?

	Fjöldi	%	
Alltof mikill (5)	0	0,0%	0,0%
Of mikill (4)	0	0,0%	0,0%
Hæfilegur (3)	13	46,4%	46,4%
Of lítill (2)	7	25,0%	25,0%
Alltof lítill (1)	8	28,6%	28,6%
Samtals	28	100,0%	
Veit ekki	0	0,0%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Heildarfjöldi	28	100,0%	


Meðaltal	2,18
Vikmörk (±)	0,37
Staðalfrávik	1,03



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




8. Hversu mikill eða lítill hluti af starfi alþjóðafulltrúa snýr að móttöku erlendra gesta?




Meðaltal	3,14
Vikmörk (±)	0,37
Staðalfrávik	1,01



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




10. Hversu mikinn eða lítinn stuðning veita stjórnendur þér í starfi alþjóðafulltrúa?




Meðaltal	3,52
Vikmörk (±)	0,47
Staðalfrávik	1,17



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




11. Hvernig mætir sú þjálfun sem stendur til boða fyrir alþjóðafulltrúa þörfum þínum í starfi við skipulagningu Erasmus+ námsferða?



Meðaltal	3,70
Vikmörk (±)	0,37
Staðalfrávik	0,93



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




12. Hverskonar þjálfun vantar helst?

- Fyrirlestrar fyrr á skólaönn svo maður fari með einhver svör inn í skólaárið. Vinnustofur með dæmum, þetta er svo gríðarlega umfangsmikið það væri gott að fá nokkur dæmi „í nesti“, þó ekki nema rétt toppinn á ísjakanum. Samstarf milli alþjóðafulltrúa oftast en einu sinni á ári, gott ef það væri oftast og jafnvel landshlutavinnustofur. Ég hef litla hugmynd um hvernig aðrir skólar gera þetta, geri þetta á þann hátt sem mér hefur tekist að þróa í samstarfi við kennara. Það gengur vel, en það væri gott að sjá hvað aðrir gera og fá einhverja speglun.
- Gerð námssamninga í verknámi, sérstaklega í greinum þar sem um rafrænar ferilbækur eru notaðar.
- Praktíska og verklega kennslu. Hvar er hægt að finna verkefni. Hvað þarf að passa sérstaklega. Mögulega muninn á VET og HE, í þeim tilfellum þar sem alþjóðafulltrúi starfar við fleiri en eitt skólastig.
- Varðandi skýrslugerð og móttöku gesta, samþættari áætlanir milli starfsstöðva.
- Vinna í fylgiskjöllum umsókna. Vinna í mobility tool.
- Það mætti hafa praktískari námskeið um ýmislegt sem tengist starfinu.

13a. Eru námsferðir viðurkenndar með formlegum hætti af skólanum/stofnuninni ? - Nemenda


	Fjöldi	%	
Já	20	87,0%	87,0%
Nei	3	13,0%	13,0%
Samtals	23	100,0%	0%100%

Veit ekki	4	14,3%
Vil ekki svara	1	3,6%
Heildarfjöldi	28	100,0%



13b. Eru námsferðir viðurkenndar með formlegum hætti af skólanum/stofnuninni ? - Starfsfólks

	Fjöldi	%	
Já	16	66,7%	66,7%
Nei	8	33,3%	33,3%
Samtals	24	100,0%	0%100%
Veit ekki	3	10,7%	
Vil ekki svara	1	3,6%	
Heildarfjöldi	28	100,0%	



14. Með hvaða hætti eru námsferðir nemenda viðurkenndar?

- ECTS.
- Lengri ferðir gefa einingar í námsferli. Nemendur sem fara á samning erlendis - klára verk í ferilbók.
- Með einingum.
- Með learning agreement compliment.
- Með sýnileika - á miðlum og í starfi. Með viðurkenningarskjölum. Upp í áfanga - fer eftir hvernig námsferð er farin en við reynum eins og við getum að viðurkenna námsferðir inní áfangana okkar.
- Námsferðir hafa frá stofnun skólans verið mjög mikilvægur hluti af grunnnámi og við erum að innleiða þær sem hluta af framhaldslínunum okkar líka. Tíminn er metinn sem námstími og í grunnhópnum fara öll með sem mögulega eiga kost á að komast. Við viljum kappkosta að efla alþjóðafærni nemenda og tryggja að þau fái innsýn í sambærilegt nám í þeim löndum sem við erum í hvað mestu samstarfi með. Dæmi eru um að nemendur hafi farið áfram í nám eða störf á þeim svæðum sem heimsótt hafa verið að loknu námi hjá okkur.
- Námsferðir þar sem nemendur eru í vinnu/þjálfun á vinnustöðum erlendis eru viðurkenndar sem vinnustaðanáms/þjálfun alveg eins og slíkt nám/þjálfun sem fer fram á Íslandi. Í hópferðum fá nemendur eina einingu fyrir þátttökuna og kemur þá fram á prófskírteini að þau hafi tekið þátt.
- Nemendur eru með starfsmenntavegabréf Europass og fá viðurkenningaskjal frá skólanum um þátttöku. Ef nemendur eru ekki útskrifaðir fá þeir einingar fyrir starfsnám sitt.
- Nemendur fá fullt leyfi á meðan þeir eru í heimsóknnum eða eru að taka á móti gestum og það er tekið tillit til þeirra hjá öðrum kennurum. Einnig fá nemendur einingar fyri starf að alþjóðamálum.
- Nemendur fá styrk - leyfi frá viðveru í skóla og viðurkenningar.
- Nemendur geta skráð sig í valáfangann erlent skiptinám, farið í námsferð í gegnum hann og fengið einingar fyrir.
- Nemendur og starfsfólk fá leyfi til þess að taka þátt.
- Nemndur fá einingar fyrir styttri ferðir, 2 einingar fyrir 2 vikur og lengri ferðir eru yfirleitt hluti af skilgreindu starfsnámi nemenda.
- Sem hluti af starfsnámi og til einkunnar í ákveðnum áfanga.
- Sumar eru hluti af verknámi nemenda, aðrar eru einingabærar.
- Til eininga og/eða sem partur af áfanga eða af starfsnámi.
- Við gerum námssamning við þátttakendur. Nemendur fá metið inn í nám sem einingu.
- Vinnustaðanáms iðnnema.
- Þau fá einingar fyrir þátttöku.

15. Með hvaða hætti eru námsferðir kennara viðurkenndar?

- Europass.
- Kennarar fá fullt leyfi á meðan á ferðum stendur.
- Kennarar fá leyfi frá kennslu til að sækja sér námskeið og skipulagðar ferðir.
- Kennarar fá leyfi til þess að taka þátt.
- Kennarar fá staðfestingu á sinni námsferð frá skólanum og/eða móttökuaðila.
- Kennarar frá frí frá kennslu á meðan á ferð stendur og kennt er fyrir þá á meðan ferð stendur. Einnig er viðurkenningarskjal fyrir að hafa tekið þátt í ferð/verkefni.
- Með learning agreement compliment.
- Með möguleika á auka þrepum í launasetningu samkvæmt stofnanasamningi.
- Starfsferilskrá.
- Sýnileika á miðlum og í starfi. Viðurkenningarskjölum. Leyfi frá störfum. Kynningum á starfsfólksfundum.
- Við gerum námssamning við alla þátttakendur. Kennarar geta nýtt námskeiðstíma upp í endurmenntunarþrep.
- Það er möguleiki á launahækkun eftir lengri námskeið.
- Þær eru metnar að fullu sem vinnutími og svo fer það eftir eðli námsins með hvaða hætti þær nýtast inn, hvort það eru kennsluaðferðir, tæknimál eða annað þá getur afraksturinn leitt til breytinga eða aðlögunar starfs.
- Þær telja í pott um endurmenntun sem gildir í launaröðun.